

Grímsey, 13. maí 2019
31. fundur hverfisráðs Grímseyjar haldinn í Múla, Grímsey

Mættir:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður

Karen Nótt Halldórsdóttir ritari

Fundur hófst kl. 16:00

Rætt var um sumarið framundan og burði eyjarinnar til þess að taka á móti ferðamönnum. Von er á 30 skemmtiferðaskipum í sumar auk alls fjöldans sem kemur með ferju og flugi. Eins var rætt um almennt og sjálfsagt viðhald í eynni.

- a) Rafstöðin. Margar kvartanir bárust frá ferðamönnum í fyrra varðandi hana, sérstaklega ef þeir voru í tjaldi við sundlaugina. Tilfinning manna er að hver einasti tjaldstæðisgestur hafi haft orð á því við einhvern hversu leiðinlegt það væri að koma í þessa friðsælu náttúruperadís og þurfa að sofna út frá hávaða frá rafstöðinni.
- b) Tjaldstæðið. Ósk heimamanna er sú að tjaldsvæðið verði fært aftur við félagsheimilið. Aðstaðan við sundlaugina er engin, undirlag slæmt og rafstöðin rétt við. Auk þess er sundlaugin bara opin fjórum sinnum í viku í stutta stund í einu og þ.a.l. erfitt fyrir tjaldstæðisgesti að ná á starfsmanni og erfitt fyrir starfsmann að fylgjast með svæðinu. Ef tjaldsvæðið væri við félagsheimili er aðstaða til staðar inni í húsinu og hægt væri að búa til heilt starf fyrir tjaldsvæðisvörð. Einnig færi fólk þá í sund og borgaði sig þar inn.
- c) Félagsheimilið þarfnað viðhalds að utan. Múrhúð sem hrundi af í jarðskjálftunum í fyrra þarf að laga og húsið þarfnað þvífa að utan.
- d) Leiksvæði. Fyrir um tveimur árum kom hingað ærslabelgur en það á alveg eftir að ganga almennilega frá honum. Kapall liggur þvert yfir túnið og inn um glugga á einni kennslustofunni - þar á eftir að leggja þetta í jörð og ganga frá rafmagninu á einhvern annan hátt. Einnig er kar við ærslabelginn með þökum sem hefur átt að leggja í kring um belginn en það hefur ekki gerst og karið er enn hér með gömlum þökum. Börnin segja ærslabelginn ekki nógu stífan og er það sennilega vegna þess að ekki var þétt í kring um hann með þökum á sínum tíma (hann leki). Leiktækin þarf líka að mála, það hefur ekki verið gert í nokkur ár eða frá því skólakrakkarnir máluðu þau sjálf síðast.
- e) Götturnar. Götur innanbæjar eru orðnar ansi holóttar og þarfnað lagfæringa. Nokkrar mjög stórar holur eru á tveimur aðalgötunum.

Grímsey, 13. maí 2019

31. fundur hverfisráðs Grímseyjar haldinn í Múla, Grímsey

f) Má hylja vesturhlið ruslasvæðis með myndum eðatré? Framhliðin er mjög fín en við aðkomu ferjunnar er vesturhliðin það fyrsta sem fólk sér, og beint inn á ruslasvæði. Mögulega verkefni fyrir styrkinn.

g) Allar girðingar í eyjunni (almenningi) eru orðnar mjög lélegar og halda ekki búfénaði.

h) Rætt var um styrkinn til handa eyjunni og ýmsar hugmyndir eru komnar upp með hann, t.a.m gönguskilti með lengdum leiða, fegrún á blettinum á milli búðar og Fiskemerkis, skilti til útskýringar á steinunum með ártölunum, blómaker og almenn fegrún, endurbætur á leikvelli/fótboltavelli.

Fundi slitið um 17:00